

Nd.

230. Nefndarálit

[73. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt á Heimaey í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignar-námsheimild á lóðar- og erfðafesturéttindum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið um það umsagnir jarðeignadeildar ríkisins og biskups.

Lagaheimild sú, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er hliðstæð öðrum heimildum, sem veittar hafa verið ríkisstjórn í sams konar málum.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarps þessa, en telur rétt að kveða nánar en gert er í frumvarpinu á um það, hvernig skipað skuli í matsdóm, ef ekki er samkomulag aðila um verðmæti landsins. Einnig telur nefndin rétt að binda ekki söluheimildina við Heimaey eina, heldur nái hún einnig til úteyja, en svo nefnast einu nafni allar aðrar eyjar Vestmannaeyja en Heimaey.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að á frumvarpinu verði gerðar þessar

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr.
 - a. Úr 1. málsg. falli niður orðin „á Heimaey“.
 - b. Í stað orðanna „skal það metið af dómkvöddum mönnum“ í 2. málsg. komi: skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum oddamann.
2. Úr fyrirsögn frumvarpsins falli niður orðin „á Heimaey“.

Alþingi, 24. marz 1960.

Gunnar Gíslason,	Einar Sigurðsson,	Karl Guðjónsson,
form.	fundaskr.	frsm.
Benedikt Gröndal.	Ágúst Þorvaldsson.	